

Erindi varðandi dagforeldra heimili á lóð við Afreksbraut.

Við Andrea Atladóttir og Elín Ósk Einarsdóttir sendum hér með inn erindi varðandi að standsetja dagforeldraheimili á lóð við Afreksbraut í Njarðvík sem við tvær munum svo koma til með að starfa á. Við höfum athugað með húsnæði hjá Reykjanesbæ en þar sem það er ekkert húsnæði fyrir okkur að fá, þá er þetta okkar lausn.

Við höfum verið í sambandi við Húsasmiðjuna varðandi kaup á húsnæði og fundið hús sem er 52 fm og myndi henta best fyrir þessa starfsemi (reglur segja til um 3.5 fm lágmark á hvert barn). Planið er að vera með 5 börn hvor eða 10 börn samtals sem er hámarkið sem má vera með.

Við munum koma til með að fjárfesta í húsnæði sjálfar (sjá hér að neðan) ásamt því að kaupa undirstöður og koma fyrir á lóð í samráði við sviðstjóra umhverfissviðs og skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar. Einnig munum við leggja fram þann kostnað sem þarf fyrir tengingar að húsnæði eins og skólp, rafmagn og vatn.

Við höfum síðan áform um að nýta bílastæðið sem er fyrir framan lóðina á vinnutíma.



Smá um húsið

Það er 52 fm og kemur fullbúið til okkar. Labbað er inn að framan fyrir miðju og eru 2 herbergi í því en stærra herbergið verður notað sem eldhús og kaffistofa og mun það koma þannig til okkar. Minna herbergið er hugsað sem róleg leikaðstaða bókahorn og fleira. Svo er það alrýmið sem er opið og bjart með gólfíðum hornlugga. Fyrir utan húsið er svo smá pallur. Til að byrja með verða vagnar geymdir inni í endaherberginu en svo áætluð er að gera lítinn skúr við hlið húsin til að hafa sem vagnageymslu.







10




Norður



Vestur



Austur



Suður